



## Höfuðborgarsvæðið 2040 Umferðarspá fyrir 2030 vegna svæðisskipulagsbreytingar

Forsendur og niðurstöður  
Lokadrög september 2017

þekkingarleit -ar kv

1 að afla...ætta, það að

vilja við...á e-u

að f...n

þekking

fróðleiksást

árangur áran

niðurstaða, það sem

(bera, gefa) góðan árangur

hvortum 2 / árferði virðing

það að meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njo

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eð

for|skot НК 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

er fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fy

meður tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 1

forskot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þa



---

**15304**

S:\2015\15304\1\Greinagerð\15304\_Greinagerð\_Umferðarspá\_2030.docx

**September 2017**

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
Lokadrög	11.09.2017	SÓ	GMH	SÓ

**Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1	Tilgangur verkefnis	3
1.2	Forsendur	4
1.3	Uppbygging greinargerðar	4
1.4	Þróun umferðarlíkans	4
<b>2</b>	<b>Aðeins um umferðarlíkan</b>	<b>5</b>
2.1	Þróun umferðarlíkans	5
2.2	Líkan umferðar ársins 2030	5
<b>3</b>	<b>Forsendur umferðarspár</b>	<b>6</b>
3.1	Ferðamyndun	6
3.2	Skipulagsgrunnur 2030	6
3.3	Ferðadreifing	6
3.4	Álagsreikningar	6
3.5	Gatnanet og reitir	6
3.5.1	<i>Gatnanet 2030 – lágmarksframkvæmdir</i>	7
3.5.2	<i>Gatnanet 2030 – Miðlungs framkvæmdir</i>	8
3.5.3	<i>Gatnanet 2030 – allar framkvæmdir</i>	9
3.5.4	<i>Umferðarreitir</i>	10
3.6	Markmið um breyttar ferðavenjur	10
3.6.1	<i>Forsendur breyttra ferðavenja</i>	11
3.6.2	<i>Reiknaður fjöldi ferða með og án breyttra ferðavenja</i>	17
<b>4</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>18</b>
4.1	Umferðarflæði 2030	20
4.2	Heildarakstur og heildaraksturstími	22
4.3	Umferðarálag	22
<b>5</b>	<b>Heimildir</b>	<b>24</b>
<b>6</b>	<b>Viðauki</b>	<b>25</b>

## 1 Inngangur

Notkun umferðarlíkana fyrir höfuðborgarsvæðið á sér orðið nokkra sögu en segja má að sú saga hafa byrjað við vinnu Aðalskipulags Reykjavíkur 1962-1983. Í tengslum við þá skipulagsgerð var unnin viðamikil umferðarkönnun sem ætlað var að mynda grunn fyrir umferðarlíkan. Reyndar var á þeim tímapunkti fallið frá gerð umferðarlíkans vegna tímaskorts. Árið 1974 var hins vegar þróað hefðbundið umferðarlíkan á grundvelli þessara talninga. Þetta líkan var svo í notkun með minni háttar breytingum til ársins 1991, þegar Vegagerðin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu réðust í gerð nýs umferðarlíkans fyrir höfuðborgarsvæðið. Árið 1999 hófst vinna við gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið. Í tengslum við þá vinnu var ákveðið að byggja upp nýtt umferðarlíkan og var það unnið af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og danska fyrirtækinu Nyvig. Þeirri vinnu lauk árið 2001 og er umferðarspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 unnin með því líkani. Þar var umferðarlíkani í fyrsta skipti markvisst beitt til að meta áhrif mismunandi skipulagskosta á umferðarmagn, akstursvegaleidir, orkunotkun og fleiri þætti.

Árið 2005 fékk VSÓ Ráðgjöf styrk frá Vegagerðinni til að endurbæta umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins. Áður höfðu komið fram ábendingar um ýmsa þætti sem mætti bæta til að auka nákvæmni líkansins. Síðan þá hefur líkanið verið í stöðugri þróun og hefur VSÓ unnið mörg verkefni með líkaninu. Fyrst skal telja umferðarspá fyrir Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, auk annarra verkefna s.s. háannatímalíkan, líkón fyrir bæði almenna umferð og þunga umferð á þjóðvegum. Í umferðarspá fyrir Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var í fyrsta skipti gerð umferðarspá þar sem tekið er tillit til breytinga á ferðavenjum, þ.e. litið er til aukinnar hlutdeildar almenningssamgangna og gangandi/hjólandi og fækkun bílferða.

Í umferðarspá nýs Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, voru settar fram umferðarspár sem tóku mið af mismikilli uppbyggingu samgöngumannvirkja, mögulegri breytingu á ferðavenjum og áhrifum þess á allt höfuðborgarsvæðið.

Í þeirri umferðarspá sem hér er gerð grein fyrir er aftur tekið mið af mismikilli uppbyggingu samgöngumannvirkja, mögulegri breytingu á ferðavenjum og áhrifum þess á allt höfuðborgarsvæðið en horft er til styttri tíma en í fyrri spám eða til ársins 2030. Einnig er tekið mið af þeim breytingum í skipulagsáformum sem hafa komið til í kjölfar ákvörðunar um að innleiða Borgarlínu. Breytingin leggur grunn að uppbyggingu innviða fyrir almenningssamgöngur og skilgreiningu uppbyggingarsvæða innan sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að þéttleikinn mestur umhverfis stöðvar innan landskjarna (miðborgar Reykjavíkur) og svæðiskjarna (Smárinn/Mjódd). Einnig er mikilvægt að umhverfis stöðvar bæjarkjarna og á samgöngumiðudum svæðum sé nægjanlegur þéttleiki byggðar til að tryggja góðan farþegagrunn.

### 1.1 Tilgangur verkefnis

Umferðarspár eru notaðar til að spá fyrir um hvernig umferðarlæði dreifist á gatnanet eftir ákveðnum forsendum s.s. uppbyggingarsvæðum, þéttingu byggðar, mismiklum vegaframkvæmdum og ferðavenjum. Niðurstöður þeirra nýtast til að skilja betur samhengi byggðaþróunar og samgangna.

Tilgangur verkefnisins er að:

- ▶ Leggja mat á umferð á höfuðborgarsvæðinu,
- ▶ Gera grein fyrir því hvernig umferð muni þróast
- ▶ Kanna áhrif mismunandi skipulagskosta á umferð
- ▶ Niðurstöður líkansins hafi mótandi áhrif á skipulagstillögu

## 1.2 Forsendur

Umferðartregður í borgum eru vel þekkt vandamál. Flestir eru sammála því að umferðartregður eigi ekki að aukast. Með auknum íbúafjölda í borgum á komandi árum og óbreyttum ferðavenjum er það nær óhjákvæmilegt, þó svo að farið væri í miklar gatnaframkvæmdir. Víðast hvar í erlendum borgum er reynt að sporna við fjölda bílferða með því að hvetja íbúa til að ferðast með öðrum og umhverfisvænni ferðamátum. Þessi breyting á ferðavenjum hefur einnig jákvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist í borgum.

Til að hvetja til breytinga á ferðavenjum íbúa hafa sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið sett aukið fjármagn í hjóla- og göngustíga, og í bættar almenningssamgöngur. Með því er verið að auka valmöguleika íbúa á ferðamáta. Þessir fararmátar eru stundum fljótlegri en að ferðast í bifreið og einnig heilsueflandi. Það má því búast við því að ferðavenjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu muni breytast í framtíðinni þó óvissa sé um umfang breytinganna. Því eru settar fram sviðsmyndir af umferðarspám með og án tillits til breyttra ferðavenja auk þriggja sviðsmynda uppbyggingar samgöngumannvirkja.

Hafa skal í huga að styrkleiki umferðarlíkana liggur fyrst og fremst í því að bera saman mismunandi valkosti fremur en að spá fyrir með nákvæmni um umferðarflæði í framtíðinni fyrir eina tillögu. Niðurstöður umferðarspáa geta gefið góðar vísbendingar um mögulega þróun umferðar miðað við gefnar forsendur og aukið skilning á samhengi byggðapróunar og samgangna.

## 1.3 Uppbygging greinargerðar

Þessari greinargerð er skipt upp í 5 hluta og eru efnistökin þeirra sem hér segir:

- ▶ **Fyrsti kafli** er inngangskafli þar sem bakgrunnur og markmið verkefnis eru kynnt.
- ▶ **Í öðrum kafla** er stutt umfjöllun um umferðarlíkanið sem beitt er við þetta verkefni.
- ▶ **Í þriðja kafla** er fjallað um forsendur umferðarspár, ferðamyndun, gatnanet, breytingu á ferðavenjum og fleira.
- ▶ **Í fjórða kafla** er gerð grein fyrir niðurstöðum umferðarspár.
- ▶ **Í fimmta kafla** er umræða um niðurstöðurnar og túlkun þeirra.

## 1.4 Þróun umferðarlíkans

Þær umferðarspár sem hér er lýst eru unnar í umferðarlíkani fyrir höfuðborgarsvæðið sem þróað hefur verið af VSÓ Ráðgjöf. Uppbyggingu þess er lýst ítarlega í eldri skýrslum (VSÓ Ráðgjöf, 2005, VSÓ Ráðgjöf, 2006, VSÓ Ráðgjöf 2015). Í þessari greinargerð verður því látið nægja að fjalla um aðalatriðin í uppbyggingu líkansins, auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið og þeim atriðum sem snúa beint að þessu verkefni. Vísað er í áðurnefndar skýrslur til frekari glöggvunar um virkni og aðferðafræði líkansins.

## 2 Aðeins um umferðarlíkan

### 2.1 Þróun umferðarlíkans

Þær umferðarspár sem hér er lýst eru unnar í umferðarlíkani fyrir höfuðborgarsvæðið sem þróað hefur verið af VSÓ Ráðgjöf. Uppbyggingu þess er lýst ítarlega í eldri skýrslum (VSÓ Ráðgjöf, 2005, VSÓ Ráðgjöf, 2006, VSÓ Ráðgjöf 2015). Í þessari greinargerð verður því látið nægja að fjalla um aðalatriðin í uppbyggingu líkansins, auk þeirra breytinga sem gerðar hafa verið og þeim atriðum sem snúa beint að þessu verkefni. Vísað er í áður nefndar skýrslur til frekari glöggvunar um virkni og aðferðafræði líkansins.

VSÓ Ráðgjöf hefur verið með umferðarlíkanið í stöðugri þróun frá árinu 2005 og á grunni þess unnið mörg verkefni; þar á meðal háannatímalíkan, kortlagningu á umferð þungra bíla á þjóðvegakerfinu, dreifilíkan fyrir almenna umferð á landsvísu o.fl. Auk þess var líkanið notað við umferðar- og álagsgreiningu vegna hugsanlegrar náttúruvár í tengslum við rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Líkanið hefur auk þess verið notað við gerð umferðarspár fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 þar sem því hefur verið markvisst beitt til að móta og skilgreina valkosti.

### 2.2 Líkan umferðar ársins 2030

Grunnárslíkanið var þróað og uppfært í tengslum við fyrri verkefni:

- ▶ *Matshluti* þar sem umferð grunnársins er kortlögð út frá umferðartalningum og upplýsingum um ferðavenjur.
- ▶ *Spáhluti* þar sem ferðafjöldi úr matshluta er tengdur við skipulagstölur og á grunni þess sambands gerð umferðarspá fyrir grunnárið.

Tilgangurinn með því að gera spá fyrir grunnárið er sá að stilla líkanið af til að ná sem mestu samræmi við umferðartalningar. Við stillingar er að ýmsu að hyggja; s.s. hraða á götum, akreinafjölda og afkastagetu gatna. Ferðatími þarf að vera í samræmi við umferðarhraða, beygjubönn þurfa að vera rétt o.fl.

Aðeins þegar spá grunnárs skilar orðið ásættanlegri niðurstöðu er raunhæft að beita líkaninu á skipulagstölur framtíðar til að gera framtíðarspá umferðar. Líkan grunnárs er því grunneining spálíkansins.

Mikilvægt er að skekkjur í umferðarspám séu sem minnstar og því skiptir miklu máli að grunnur líkans sé sem réttastur. Hins vegar er engin leið að spá fyrir um umferð langt fram í tímann með fullkominni nákvæmni. Erlendar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að skipulagstölur og framreiknaðar félagshagfræðilegar stærðir séu jafnvel stærri skekkjuvaldar í umferðarspám heldur en líkönin sjálf.

Styrkleiki umferðarlíkana felst fyrst og fremst í því að bera saman mismunandi kosti uppbyggingar, og styðja þannig við mótun valkosta, miklu fremur en útreikningur eins tilfellis með mikilli nákvæmni. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar rýnt er í niðurstöður umferðarspár.



### 3 Forsendur umferðarspár

#### 3.1 Ferðamyndun

Grunneining umferðarlíkana er ferð milli tveggja staða. Ferð frá heimili til vinnu er þannig ein ferð, og til baka er önnur ferð. Í fræðunum er talað um ferðamyndun (stundum nefnt umferðarsköpun), sem lýsir þeim fjölda ferða sem myndast (eða verða til) á tilteknu svæði. Yfirleitt er talað um að heimilin myndi ferðirnar (e. trip production) og vinnustaðir/þjónusta dragi til sín ferðir (e. trip attraction). Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins er hefðbundið fjögurra þrepa umferðarlíkan þar sem ferðamyndun er reiknuð út frá skipulagstölum, umferðartalningum og upplýsingum um ferðavenjur.

#### 3.2 Skipulagsgrunnur 2030

Tafla 3.1: Heildartölur skipulagsgrunnis ársins 2030

	Íbúar	Verslun og skrifstofur [m <sup>2</sup> ]	Annað atvinnu-húsnæði [m <sup>2</sup> ]
Seltjarnarnes	4.318	7.965	28.559
Reykjavík	157.043	1.666.881	3.410.873
Kópavogur	39.673	443.636	562.655
Garðabær	18.727	152.173	282.736
Hafnarfjörður	28.492	213.061	1.024.788
Mosfellsbær	11.828	54.482	196.160
<b>Samtals</b>	<b>260.081</b>	<b>2.538.198</b>	<b>5.505.771</b>

Heildar yfirlit yfir skiplagstölur má sjá í viðauka þessarar greinargerðar.

#### 3.3 Ferðadreifing

Þegar fjöldi ferða liggur fyrir úr útreikningum á ferðamyndun er ferðum dreift um svæðið með svokölluðu aðdráttarlíkani (e. Gravity model). Aðdráttarlíkanið er stillt út frá ferðalengdardreifingu úr ferðavenjukönnun. Aðdráttarflsílikanið byggir á þeirri hugmynd að ferðafjöldinn milli tveggja umferðarreita sé í hlutfalli við fjölda ferða sem myndast í og dragast að hvorum reit. Ennfremur er gert ráð fyrir því að umferðin sé háð aksturstíma og akstursvegalengd (ferðakostnaður) milli reitanna þannig að því minni sem ferðakostnaðurinn er, því meiri umferð reiknast milli reitanna. Ferðadreifingin gefur svokallað ferðafylki, eða OD-fylki (Origin-Destination) sem lýsir ferðamynstri svæðisins.

#### 3.4 Álagsreikningar

Álagsreikningar nefnist það ferli þegar ferðir úr ferðafylki eru lagðar út á gatnanetið í þeim tilgangi að fá út umferðarflæði. Þetta kallast álagsreikningar af því við þessa útreikninga byrjar afkastageta gatna, ferðakostnaður o.fl. að hafa áhrif. Ferðakostnaður er vegið hlutfall milli ferðatíma og akstursvegalengdar. Sú álagsaðferð sem notuð er í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins nefnist *Stochastic User Equilibrium* og er slembin aðferð sem í stuttu máli gerir ráð fyrir að ekki hafi allir fullkomna þekkingu á gatnanetinu og velji þannig ekki alltaf stystu leið milli tveggja staða.

#### 3.5 Gatnanet og reitir

Það gatnanet sem hér er byggt á er í grunninn það sama og notað hefur verið í umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins undanfarin ár, t.d. við umferðarspá Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, og við umferðarspár fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

til 2040 þó með nokkrum breytingum sem farið verður nánar í hér á eftir. Auk þeirra framkvæmda sem hér eru tilgreindar er í öllum tilfellum gert ráð fyrir ýmsum flæðisbætandi minni framkvæmdum.

### 3.5.1 Gatnanet 2030 – lágmarksframkvæmdir

Í þessu spátílfelli er aðeins gert ráð fyrir þeim samgöngubótum sem þegar hafa verið ákveðnar og/eða ráðgert er að ráðast í á næstu árum. Á myndinni er jafnframt sýndur fyrsti áfangi Arnarnesvegjar þó hann sé í raun tilbúinn en það er sökum þess að hann var ekki tilbúinn við gerð grunnlíkans og var því ekki með í talingum fyrir grunnlíkan. Unnin er spá fyrir breyttar ferðavenjur með lágmarksframkvæmdum.

Lágmarksframkvæmdir eru (sjá mynd 3.1):

- ▶ Arnarnesvegur, milli Vatnsendavegar og Reykjanesbrautar (1).
- ▶ Suðurlandsvegur tvöfaldaður frá Vesturlandsvegi, að Rauðavatni og austur fyrir Nesjavallaleið (2).
- ▶ Reykjanesbraut tvöfölduð frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg (3).
- ▶ Vesturlandsvegur tvöfaldaður frá Skarhólabraut að Langatanga í Mosfellsbæ (4).






### 3.5.2 Gatnanet 2030 – Miðlungs framkvæmdir

Í þessu tilfalli er gert ráð fyrir þeim samgöngubótum sem þegar hafa verið ákveðnar og/eða ráðgert er að ráðast í á næstu árum og þær aðgerðir sem taldar eru mikilvægastar til að mæta þeim uppbyggingaráformum sem ráðgerð eru. Sett er fram spá fyrir bæði breyttar og óbreyttar ferðavenjur með miðlungs framkvæmdum.

Helstu framkvæmdir eru sem hér segir (sjá mynd 3.2):

- ▶ Arnarnesvegur, milli Vatnsendavegar og Reykjanesbrautar (1).
- ▶ Suðurlandsvegur tvöfaldaður frá Vesturlandsvegi, að Rauðavatni og austur fyrir Nesjavallaleið (2).
- ▶ Reykjanesbraut tvöfölduð frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg (3).
- ▶ Vesturlandsvegur tvöfaldaður milli Skarhólabrautar að Langatanga í Mosfellsbæ (4).
- ▶ Gatnamót Bústaðavegar – Reykjanesbrautar (5)
- ▶ Stokkur undir Miklubraut frá Grensásvegi að gatnamótum við Bústaðaveg. (6)
- ▶ Aðgerðir á Sæbraut milli Vesturlandsvegar og Holtavegar (7)



### 3.5.3 Gatnanet 2030 – allar framkvæmdir

Í þessu tilfalli er miðað við flestar stærri vegaframkvæmdir sem eru í samgönguáætlunum eða á skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir Ofanbyggðavegi og í stað Öskjuhlíðagangna er gert ráð fyrir stökk undir Miklubraut. Sett er fram spá miðað við allar framkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur.

- ▶ Arnarnesvegur, milli Vatnsendavegar og Reykjanesbrautar (1).
- ▶ Suðurlandsvegur tvöfaldaður frá Vesturlandsvegi, og austur fyrir Nesjavallaleið (2).
- ▶ Reykjanesbraut tvöfölduð frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun (3).
- ▶ Vesturlandsvegur tvöfaldaður milli Skarhólabrautar og Langatanga í Mosfellsbæ (4).
- ▶ Gatnamót Bústaðavegar – Reykjanesbrautar (5)
- ▶ Stokkur undir Miklubraut frá Skeifunni að gatnamótum við Bústaðaveg. (6)
- ▶ Aðgerðir á Sæbraut milli Vesturlandsvegar og Holtavegar (7)
- ▶ Álftanesvegur, milli Engidals og Reykjanesbrautar (8)
- ▶ Breiðholtsbraut tvöfölduð frá Jaðarseli að Suðurlandsvegi (9)
- ▶ Sundabraut upp á Kjalarnes og tenging við Hallsveg (10)
- ▶ Tenging Hallsvegar með mismögum gatnamótum yfir Vesturlandsveg (11).





### 3.5.4 Umferðarreitir

Reitaskrá líkansins er nánast óbreytt frá fyrri útgáfum. Tveimur reitum hefur verið bætt við í Kópavogi til að endurspegla betur skipulag. Heildarfjöldi reita í skránni er nú 362 en var 359 áður.



Mynd 3.4 Reitaskipting höfuðborgarsvæðisins sem byggð er á í umferðarlíkani.

### 3.6 Markmið um breyttar ferðavenjur


Allar líkur eru á að ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu muni taka breytingum á næstu árum og áratugum í takt við breytingar sem orðið hafa víða erlendis.

Gerðar hafa verið þrjár stærri ferðavenjukannanir á Íslandi sem hafa náð til höfuðborgarsvæðisins alls, árin 2002, 2011 og 2014. Í meginatriðum eru niðurstöður þessara kannanna nokkuð samhljóða. Meðalfjöldi ferða einstaklings hefur verið á bilinu 4,2 til 4,3 ferðir á sólarhring. Ferðum bílstjóra í einkabíl, fjölgaði úr 58,2% í 61,0% 2011 og lækkaði svo aftur niður í 59,9% 2014. Ferðum sem farþegi í einkabíl fækkaði hins vegar úr 17,1% í 15,4% 2011 og svo aftur niður í 14,9% 2014. Hlutdeild ferða á einkabíl hefur því lækkað nokkuð stöðugt. Það sem hins vegar vekur sérstaka athygli er töluverð

fjölgun hjólaferða, en hlutdeild þeirra var 0,8% árið 2002 en 3,8% árið 2011 og 4,5% 2014.

Hlutdeild almenningssamgangna eykst einnig en þó mun hægar. Hún mældist 4,0% í fyrri könunum tveimur en 4,1% 2014. Þá verulegu aukningu sem hefur verið í notkun almenningssamgangna má því að öllum líkindum að mestu rekja til fjölgunar íbúa.


Strætó bs. framkvæmdi ítarlega talningar í vögnum sínum í október ár hvert, en slík talning fór þó ekki fram árið 2016. Talin eru inn- og útstig á öllum biðstöðvum allra leiða. Mynd 3.3 sýnir niðurstöður þessara talninga fyrir árin 2005-2015. Í október 2012 gerðist það í fyrsta skipti í sögu Strætó bs. að farþegafjöldi fór yfir eina milljón farþega í einum mánuði. Árið 2014 hafði farþegum í október fjölgað um tæp 307 þús. frá árinu 2009, eða um 39%, og er meðalfjölgun milli ára á þessu tímabili um 6%. Talning fór ekki fram með sama hætti árið 2016 en samkvæmt ársskýrslu Strætó bs var 4,5% aukning frá árinu 2015.



### 3.6.1 Forsendur breyttra ferðavenja

Til að styðja við breytingu á ferðavenjum er sú stefna mörkuð í svæðisskipulaginu að 2/3 íbúa höfuðborgarsvæðisins búi innan svokallaðra samgöngumiðaðra svæða. Þessi svæði byggjast á því að þétt byggð sé við allar aðalleiðir almenningssamgangna þannig að íbúar þessara svæða búi við góðar tengingar við almenningssamgangnakerfið. Með góðu aðgengi íbúa að almenningssamgöngum er raunhæft að auka hlutdeild þeirra.

Markmið og þróun um hlutdeild mismunandi ferðamáta eru sett fram í mynd 3.4. Þróunin er samkvæmt ferðavenjukönnunum 2002., 2011 og 2014.




Mynd 3.3 Þróun um hlutdeild mismunandi ferðamáta fram til 2014 og markmið um þróun þeirra fram til 2040 eins og þau eru sett fram í svæðisskipulagi.

Skilgreind hefur verið svæðaskipting fyrir höfuðborgarsvæðið eftir möguleikum svæða til breytinga á ferðavenjum. Þessi skipting tekur mið af


1. þéttleika byggðar árið 2030 samkvæmt skipulagsgrunni,
2. aðgengi að góðum almenningssamgöngum
3. þeim kjarnasvæðum sem skilgreind eru í svæðisskipulaginu
4. reiknuð ferðamyndun var lögð til grundvallar.
5. núverandi þéttleika byggðar
6. niðurstöðum ferðavenjukönnunar
7. núverandi notkun almenningssamgangna.

Til að glöggva sig á þeim skipulagsbreytingum sem liggja til grundvallar ferðamyndunarsvæðunum má sjá í myndum 3.4 og 3.5 hvar helstu uppbyggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins eru fyrirhuguð.






Mynd 3.4 Fjöldun íbúa frá grunnári til 2030. Mesta aukningin verður í Vogunum, Urriðaholt og á Kársnesi.



Mynd 3.5 Fjöldun fermetra verslunar og/eða skrifstofuhúsnæðis frá grunnári til 2030. Mesta aukningin verður í Hraunum í Hafnarfirði, Á Kringlureit og í Smárahverfi í Kópavogi.

Þar sem íbúar og verslunar- og skrifstofuhúsnæði eru ráðandi þættir í ferðamyndun eru þetta þau uppbyggingarsvæði sem geta breytt samgöngum hvað mest frá því ástandi sem við þekkjum í dag.

Til að setja myndir 3.4 og 3.5 í betra í samhengi er í mynd 3.6 búið að reikna út ferðamyndun fyrir þessa viðbótaruppbyggingu með ferðamyndunarjöfnu fyrir óbreyttar ferðavenjur. Þetta er góð leið til að blanda saman þessum annars ólíkum uppbyggingartegundum.




Mynd 3.6 Aukning í ferðamyndun frá grunnári til 2030 miðað við óbreyttar ferðavenjur. Sjá má að það eru þeir reitir sem eru með mikla uppbyggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem eru mest áberandi..

Þjónusta almenningssamgangna er líkleg til að ráða miklu um val á ferðamáta. Í mynd 3.7 er búið að setja saman fjölda myndaðra ferða á hvern fermetra atvinnuhúsnæðis og þá ása þar sem vænta má að verði mjög góð þjónusta almenningssamgangna.


Þau svæði sem eru með mikinn þéttleika ferða samkvæmt þessum útreikningum eru mjög líkleg til að bjóða uppá mjög góðar tengingar fyrir gangandi og hjólandi. Séu almenningssamgöngur að auki mjög góðar á þessum svæðum er líklegt að hlutfall ferða að og frá þessum svæðum með öðrum samgöngumátum en einkabíl verði hærra en ella.





Mynd 3.7 Ferðamyndun á hvern fermetra atvinnuhúsnæðis og þeir ásar þar sem vænta má að verði mjög góð þjónusta almenningsgangna.

Með þessum hætti hefur þéttleiki byggðar, þéttleiki ferða, reiknuð ferðamyndun og breytt skipulag verið kortlagt og niðurstaðan úr þessari greiningu er svæðaskipting samkvæmt mynd 3.8.



Mynd 3.8 Höfuðborgarsvæðinu skipt upp í svæði eftir möguleikum til breytinga á ferðavenjum.


Svæðin fá þannig hvert fyrir sig nýja ferðamyndunarjöfnu fyrir einkabíl, *Svæði I* myndar því 30% færri ferðir en óbreytt ferðamyndunarjafna, en *Svæði IV* myndar 5% fleiri ferðir en óbreytt ferðamyndunarjafna.

### 3.6.2 Reiknaður fjöldi ferða með og án breyttra ferðavenja


Séu þessir hlutir settir í samhengi sést að það hefur mikil áhrif á fjölda ferða með mismunandi ferðamátum hvort þessi markmið nást eða ekki. Þetta má sjá skýrt með samanburði á myndum 3.9 og 3.10.

Á mynd 3.9 má sjá að þegar íbúar eru orðnir um 260.000 (árið 2030) verða farnar um 1.000.000 ferða með bíl á dag ef markmiðin nást. Myndin sýnir jafnframt að náist markmið svæðisskipulags verða ferðir með einkabíl rétt um eða undir 1.000.000 árið 2040 og haldi sú þróun óbreytt áfram haldast þær undir einni milljón ferða á dag.

Verði hinsvegar engar breytingar á ferðavenjum má sjá á mynd 3.10 að ferðirnar verða um 170.000 fleiri árið 2030. Haldi þróunin síðan áfram í sama takti verða ferðirnar orðnar um 1.600.000 á dag þegar íbúafjöldinn er orðinn 350.000 u.þ.b. árið 2060.



Mynd 3.9 Fjöldi ferða með mismunandi ferðamátum. Gert er ráð fyrir að markmið svæðisskipulags um breyttra ferðavenjur náist og að þróunin haldi svo áfram á sömu braut eftir árið 2040.



Mynd 3.10 Fjöldi ferða með mismunandi ferðamátum. Gert er ráð fyrir að ferðavenjur verði óbreyttar.



#### 4 Niðurstöður

Á grunni grunnárslíkans eru gerðar umferðarspár til framtíðar. Reiknuð var út ferðamyndun fyrir bæði breyttar og óbreyttar ferðavenjur. Heildarferðamyndun er samkvæmt töflu 4.2 og má sjá að fjöldi bílferða passar ágætlega við útreiknuðu markmiðin.

	Fjöldi bílferða	Bílferðir pr. íbúa
<b>Grunnár 2012</b>	852.400	4,1
<b>2030 - Óbreyttar ferðavenjur</b>	1.086.800	4,1
<b>2030 - Breyttar ferðavenjur</b>	911.600	3,5

Þegar ferðamyndun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2030 er skoðuð eftir sveitarfélögum fæst tafla 4.3.

	Grunnár 2012	Óbreyttar ferðavenjur 2030	Breyttar ferðavenjur 2030
<b>Reykjavík</b>	533.500	659.800	534.200
<b>Kópavogur</b>	131.900	158.000	129.600
<b>Garðabær</b>	45.200	67.200	64.300
<b>Hafnarfjörður</b>	93.000	123.700	107.500
<b>Mosfellsbær</b>	25.800	37.300	35.300
<b>Seltjarnarnes</b>	10.200	10.200	10.100
<b>Annað</b>	12.800	30.600	30.600
	<b>852.400</b>	<b>1.086.800</b>	<b>911.600</b>

Sú ferðamyndum sem hér er sett fram er grundvöllur fyrir umferðarspá til ársins 2030 og eru megin niðurstöður allra spátílfella teknar saman í töflu 4.5. sem sýnir heildarniðurstöður fyrir öll spátílfelli.


**Tafla 4.5: Heildartölur úr niðurstöðum allra spátílfella**

	Heildar aksturstími [klst]	Heildarakstur [km]	Meðal aksturstími [mín]	Meðallengd ferða [km]
<b>Grunnár 2012</b>	82.741	4.235.182	5,82	4,97
<b>Spátílfelli 2030:</b>				
<b>Lágmarksframkvæmdir</b>				
1. Breyttar ferðavenjur	101.599	5.244.068	6,69	5,75
<b>Miðlungs framkvæmdir</b>				
2. Óbreyttar ferðavenjur	123.563	6.004.921	6,82	5,53
3. Breyttar ferðavenjur	101.735	5.259.207	6,70	5,77
<b>Allar framkvæmdir</b>				
4. Óbreyttar ferðavenjur	119.720	5.978.853	6,61	5,50


Niðurstöður sýna að breytingar á ferðavenjum hafa nokkuð meira vægi en auknar framkvæmdir í því að draga úr umferðarálagi. Til að mynda er heildaraksturstími styttri við breyttar ferðavenjur og lágmarksuppbyggingu (spátílfelli 1) heldur en við allar framkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur (spátílfelli 4), og er munurinn um 18%. Einnig má sjá að það er meiri munur á meðalaksturstíma á breyttum og óbreyttum ferðavenjum fyrir miðlungskostinn heldur en á meðalaksturstíma fyrir lágmarksframkvæmdir og allar framkvæmdir. Samkvæmt töflu 4.5 má jafnframt sjá að heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 verður um 700 þús. km minni en ella gangi markmið um breytingu ferðavenja eftir.

Á myndum 4.4 – 4.7 eru niðurstöður umferðarspár settar fram myndrænt með kortum sem sýna flæði umferðar fyrir öll fjögur spátílfellin.

#### 4.1 Umferðarflæði 2030




Mynd 4.4 Spátílfelli 1. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 miðað við lágmarksuppbyggingu samgöngumannvirkja og breyttar ferðavenjur.




Mynd 4.5 Spátílfelli 2. Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 miðað við miðlungs uppbyggingu samgöngumannvirkja og óbreyttar ferðavenjur.





Mynd 4.6 Spátílfelli 3. Umferðarlæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 miðað við miðlungs uppbyggingu samgöngumannvirkja og að markmið um breytingu ferðavenja gangi eftir.



Mynd 4.7 Spátílfelli 4. Umferðarlæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 miðað við allar framkvæmdir og óbreyttar ferðavenjur.

## 4.2 Heildarakstur og heildaraksturstími

Umferðarlíkaninu var m.a. beitt til að meta heildarakstur og heildaraksturstíma á höfuðborgarsvæðinu. Þegar talað er um heildarakstur er átt við ekna kílómetra á sólarhring og með heildaraksturstíma er átt við samanlagðan aksturstíma (ferðatíma) allra ferða í klukkustundum. Tafla 4.6 sýnir hversu mikið heildarakstur og heildaraksturstími aukast frá grunnárinu 2012 miðað við mismunandi spátílfelli.

**Tafla 4.6: Aukning heildarakstur og heildaraksturstíma frá grunnári 2012**

Spátílfelli	Aukning heildaraksturs [km]		Aukning heildaraksturstíma [klst]	
<b>Lágmarksframkvæmdir</b>				
1 Breyttar ferðavenjur	1.008.886	24%	18.858	23%
<b>Miðlungs framkvæmdir</b>				
2 Óbreyttar ferðavenjur	1.769.739	42%	40.822	49%
3 Breyttar ferðavenjur	1.024.025	24%	18.994	23%
<b>Allar framkvæmdir</b>				
4 Óbreyttar ferðavenjur	1.743.671	41%	36.979	45%

Heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 samkvæmt kortlagningu umferðar var rúmlega 4,2 milljón km líkt og kemur fram í töflu 4.5. Á töflu 4.6 kemur fram bæði aukning heildaraksturs og heildaraksturstíma á höfuðborgarsvæðinu fyrir öll tilfelli.

## 4.3 Umferðarálag

Hægt er að leggja gróft mat á umferðarálag gatnakerfis með því að bera reiknaðan ferðatíma við það sem kalla má „frjálsan“ ferðatíma. Frjáls ferðatími er akstur í frjálsu flæði þar sem ekið er sem næst hámarkshraða og umferðartafa gætir ekki. Aukning í ferðatíma umfram hinn frjálsa ferðatíma orsakast af álagi á gatnakerfi og umferðartöfum. Eftir því sem umferðin þyngist eykst tregðan og tafir aukast, sem leiðir til þess að ferðatíminn lengist. Samanburður á aukningu heildarferðatíma allra spátílfella gefur þannig ákveðnar upplýsingar um ástand umferðar í hverju tilfelli fyrir sig.

